

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf.

Harpa Þrastardóttir

Gullhellu 1

221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 14. júlí 2020

UST202003-123/G.F.

08.08.02

**Varðar reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Hlaðbær-Colas Ammann 1-
Norðurbik 1 – Ægisnesi 2 á Akureyri**

Þann 3.6.2020 fór fram eftirlit í malbikunarstöð Hlaðbær-Colas Ammann 1- Norðurbik 1 – Ægisnesi 3 á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar (sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu) og eitt frávik fannst í eftirliti. Snýr að rykmagni í útblæstri sem er yfir losunarmörkum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 7.8.2020.

Virðingarfyllst



Gottskálk Friðgeirsson



Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit:

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Amman 1 (Norðurbik) Færænleg



Dags eftirlits	3.6.2020	Abyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas Amman 1 (Norðurbik)	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604820979	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór og Gísli	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik fannst í eftirliti. Snýr að rykmagni í útblæstri. Tvær ábendingar voru gerðar er varða skil á gögnum um olíugeyma sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni og eins var bent á mikilvægi þess að skoða og yfirfara pokasíur í hreinsivirkri stöðvarinnar eftir flutninga stöðvarinnar á milli staða.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með færænlegri malbikunarstöð Hlaðbær Colas - Ammann 1. Stöðin er staðsett á lóðinni við Ægisnes 3 á Akureyri.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Kröfur í starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
4. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
5. Skoðunarferð um svæðið

Við eftirlitið voru Harpa Þrastardóttir, Steindór Sigursteinsson og Gísli Eymarsson frá Hlaðbær Colas hf., Alfreð Schiðt frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Starfsleyfi þessarar færænlegu stöðvar (MHC Ammann 1) var gefið út á rekstraraðilann Norðurbik ehf. Gildistími starfsleyfisins var til 14. maí 2020.

Hlaðbær Colas hf. keypti öll hlutabréf í Norðurbik (Nesbik) og eru nú reknar tvær færænlegar malbikunarstöðvar (með starfsleyfi HNE) og ein bikbirgðastöð (með starfsleyfi Umhverfisstofnunar).

Hlaðbær colas hf. sótti þann 6. mars sl. um framlengingu á starfsleyfum Ammann stöðvanna enda voru fullnægjandi starfsleyfisumsóknir fyrir báðar stöðvarnar komnar í hús hjá Umhverfisstofnun og höfðu umsóknirnar verið samþykktar. Starfsleyfið var framlengt og nýr gildistími starfsleyfis Ammann 1 stöðvarinnar er nú 14. maí 2021.

1. Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsemi Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar Colas Amman 1 (áður Norðurbik ehf.) Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra skoðaði fyrirtækið þegar það var Norðurbik ehf. í tengslum við byggingu á geymslu- og verkstæðisaðstöðu á lóð fyrirtækisins. Skoðaðir voru valkostir varðandi fráveitu frá verkstæðishúsi en engar athugasemdir voru gerðar, góð umgengni á lóð og gott fyrirbyggjandi viðhald á pokasíum.

2. Starfsleyfið setur rekstraraðila skilyrði vegna mengunarvara, sjá almenn starfsleyfisskilyrði fyrir færænlegar malbikunarstöðvar og aðra sambærilega starfsemi.

Eftir að Hlaðbær Colas hf. keypti stöðina er innra eftirlit í samræmi við kröfur ISO 9001 gæðastjórnkerfis og ISO 14001 Umhverfisstjórnkerfis og úttektir framkvæmdar í samræmi við það. Fyrirtækið heldur úti rekstrahandbók um starfsemina.

Með umsókn um nýtt starfsleyfi (4. febrúar 2020) var skilað inn til Umhverfisstofnunar áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrastöðvunar, víðragðsáætlun vegna bráðamengunar og áætlun um rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar. Í umsókninni er gert ráð fyrir árlegum útbláastur- og hávaðamælingum.

Ekki er krafa um skil á grænu bókhaldi né útstreymisbókhaldi fyrir færænlegar malbikunarstöðvar. Bent var á mikilvægi eftirlits og viðhalds á hreinsivirkri færænlegra malbikunarstöðva. Gamlir pokar harðna og hætta er á því að pokar rifni eða skemmist við flutninga á malbikunarstöð á milli landshluta.

Útblástursmæling var gerð 2. ágúst 2019 í Ammann 1 stöðinni þegar hún var einmitt staðsett á Akureyri. Útblásturshraði var 30,5 m/s sem er yfir viðmiðunum fyrir mengandi starfsleyfi, en ryk mældist um 540 mg/Nm³ sem er hærra en venjulega er miðað við. Í starfsleyfisskilyrðunum sem fylgir núverandi starfsleyfi segir að halda skuli loftmengun í lágmarki og gæta þess að reykur, ryk og daunillar og lyktarmiklar lofttegundir valda ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi.

Mikið ryk í útblæstri telst frávik frá kröfum í starfsleyfi.

3. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Enn vantar gögn til þess að hægt sé að áhættumeta starfsemi Ammann 1 stöðin er sett í áhættuflokk B og fær árlegt eftirlit. Áhættumat er endurskoðað árlega að loknum eftirlitum ársins.

4. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir og útfylltu eyðublaði komið til Umhverfisstofnunar við fyrsta hentugleika.

5. Í skoðun á lóð rekstraraðila (Ægisnesi 3) voru skoðaðir olíugeymar og efnishaugar. Aðstaðan er snyrtileg og þokkalega rúmt um efnishauga. Stöðin var ekki í gangi þegar komið var í skoðun en þrif utanhúss stóðu yfir. Skrifstofu-, geymslu-, og verkstæðisaðstaða var skoðuð. Öll umgengni var mjög snyrtileg og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæðum starfsleyfa um leyfilegt rykmagn í útblæstri	Við mælingu á útblæstri Ammann 1 stöðvarinnar í ágúst 2019 mældist ryk í útblæstri um 540 mg/Nm^3

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að fylla út og skila eyðublaði: 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma sem var afhent í eftirliti.
2. Bent var á mikilvægi eftirlits og viðhalds á hreinsivirk færanlegra malbikunarstöðva. Gamlir pokar harðna og hætta er á því að pokar rifni eða skemmist við flutninga á malbikunarstöð á milli landshluta.


ANNAÐ

Alfreð Schiðth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstaddir eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að veikja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 14.07.2020


Gottskálk Friðgeirsson

bls. 4